



152. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn föstudaginn 3. október 2008 kl. 13:00 í Kríunesi við Elliðavatn.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir 3.

varamaður og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Krístrún Heimisdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Afrekskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ – fjórða úthlutun

Sjóðsstjórn Afrekskvennasjóðs Glitnis og ÍSÍ gerir að tillögu sinni að úthlutað verði til þriggja sérsambanda vegna verkefna kvennalandsliða. Lagt er til að hvert eftirtalinna sambanda fái eina milljón króna vegna sinna verkefna:

- **Íshökkísamband Íslands** vegna undirbúningstímabils og þátttöku í Heimsmeistarakeppni Alþjóða íshökkísambandsins.
- **Handknattleikssamband Íslands** vegna þátttöku á HM 20 ára kvenna sem fram fór fyrir skemmstu og áframhaldandi uppbyggingar kvennalandsliða.
- **Knattspyrnusamband Íslands** vegna A-landsliðs kvenna í knattspyrnu en framundan er lokabaráttu liðsins um að komast í úrslitakeppni EM sem fram fer í Finnlandi 2009.

Samþykkt.

2. Ólympíufjölskylda ÍSÍ

Forseti greindi frá því að fundað hefði verið með fulltrúum Ólympíufjölskyldu, sem lýst hefðu yfir vilja til að halda áfram samstarfi. Ákveðið hefði verið að funda aftur í nóvember með kynningu á starfsemi ÍSÍ og þeim verkefnum sem framundan eru. Í framhaldi verður svo farið í frekari viðræður um áframhaldandi samstarf.

3. Skipan í Heilbrigðisráð ÍSÍ

Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur, sem sæti hefur átt í Heilbrigðisráði ÍSÍ og verið hluti af fagteymi ÍSÍ, hefur af persónulegum ástæðum beðist lausnar frá þeim störfum.

Heilbrigðisráð ÍSÍ hefur óskað eftir því að Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur verði skipuð í Heilbrigðisráð í stað Einars Gylfa, fram að næsta Íþróttáþingi.

Samþykkt. Skrifstofu falið að koma á framfæri þökkum til Einars Gylfa fyrir vel unnin störf.

4. Fjárlagafrumvarp 2009

Farið var í stórum dráttum yfir bréf ÍSÍ til Fjárlaganefndar Alþingis. Jafnframt voru lögð fram fyrstu drög að Fjárlagafrumvarpi 2009, sem lagt var fram 1. október sl. Skerðing er á rekstrarframlagi til ÍSÍ um 10 milljónir, frá fyrra ári.

Óskað hefur verið eftir fundi með Fjárlaganefnd til að mótmæla þessari skerðingu og ræða möguleika á auknu framlagi vegna rekstrarframlags, Afrekssjóðs og annarra fastra verkefna á fjárlögum 2009.

Fundað hefur verið með menntamálaráðherra og þá sérstaklega með tilliti til framlags í Afrekssjóð en samningur við ráðuneytið um Afrekssjóð rennur út í lok árs.

5. Formannafundur ÍSÍ

Fram hafa komið upplýsingar um að margir formenn héraðssambanda og íþróttabandalaga verði fjarstaddir þann 14. nóvember þannig að breyta þarf áður samþykktri dagsetningu Formannafundar.

Samþykkt að halda Formannafund ÍSÍ 28. nóvember nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Samþykkt að halda samráðsfund héraðssambanda þennan sama dag. Skrifstofu falið að kalla eftir tillögum að dagskrá samráðsfundarins frá héraðssamböndum/íþróttabandalögum.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- a. 151. fundur framkvæmdastjórnar
- b. 14. fundur framkvæmdaráðs frá 11.9.2008
- c. 15. fundur framkvæmdaráðs frá 25.9. 2008
- d. Fjármálaráðs ÍSÍ frá **2.9. 2008**
- e. Afrekssjóðs ÍSÍ frá 1.10. 2008

Fundargerðin samþykkt.

Eftirfarandi styrkveitingar samþykktar:

- o **SKÍ – 2.000.000 vegna A-landslíðs og 1.000.000 vegna kvennaliðs og verkefna þessara liða á árinu 2008 sem miða m.a. að undirbúningi fyrir ÓL 2010.**
 - o **HSÍ – 500.000 úr Sjóði ungra og efnilegra vegna U-18 karla.**
 - o **HSÍ – 500.000 úr Sjóði ungra og efnilegra vegna U-20 kvenna.**
 - o Flestir styrkþegar Afrekssjóðs ÍSÍ voru á styrk út septembermánuð 2008. Samþykkt að styrkja engan á áframhaldandi afreksstyrk til áramóta en þess í stað bjóða upp á greiðslur á hluta kostnaðar vegna verkefna fram að áramótum. **Samþykkt að veita sjóðnum heimild um að veita allt að 1.500.000 kr. til slíkra greiðslna fram að áramótum.**
- f. Laganefndar ÍSÍ frá 29.9. 2008
Framkvæmdastjórn gerir athugasemd við nafn MX-klúbbs Skagastrandar (8. töluliður).
 - g. Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ frá 30.9. 2008

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00. Við tók dagskrá vinnufundar stjórnar og starfsfólks.

Líney Rut Halldórsdóttir fundarritari